

FRÉTTABRÉF BKR

Nóvember 2015

Sú nýjung var tekin upp árið 2013 að senda reglulega [fréttabréf](#) stjórnar BKR til félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins til þess að styrkja upplýsingaflæðið um viðburði á okkar vegum. Starfsemin fór af stað með krafti eftir sumarfrí og margt spennandi verður á dagskrá hjá okkur í vetur. Við hvetjum ykkur því eindregið til þess að fylgjast með upplýsingum um það sem er á döfnni hjá okkur á heimasíðunni okkar, bkr.is og á [Facebook-síðu BKR](#).

[Átta styrkir afhentir úr Starfsmenntunarsjóði unga kvenna](#)

Þann 27. ágúst voru afhentir átta styrkir úr Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna að heildarupphæð 785.000 kr.

Á tuttugu starfsárum hefur sjóðurinn úthlutað 138 styrkjum að fjárhæð samtals að andvirði 15,5 m.kr. Starfandi er fjáröflunarnefnd Starfsmenntunarsjóðsins, einnig gefa aðildarfélög BKR til sjóðsins en mestu munar um velvild og styrki fyrirtækja til sjóðsins, m.a. frá Sorpu og Góða hirðinum.



Styrkþegar 2015 ásamt stjórn Starfsmenntunarsjóðsins

Nánar um Starfsmenntunarsjóð ungra kvenna [hér](#).

Kvenfélag Bústaðasóknar styrkir Starfsmenntunarsjóð ungra kvenna



Formaður Kvenfélags Bústaðasóknar, Hólmfríður Ólafsdóttir, afhenti þann 26. október sl. formanni Bandalags kvenna í Reykjavík, Ingibjörgu Rafnar Pétursdóttur, styrk kvenfélagsins til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna upp á 100 þúsund krónur.

Bandalag kvenna í Reykjavík færir Kvenfélagi Bústaðasóknar bestu þakkir fyrir styrkinn til sjóðsins sem í ár fagnar 20 ára starfsafmæli. Frá upphafi hefur verið úthlutað úr sjóðnum styrkjum að upphæð tæplega 16 milljóna króna til um 140 ungra kvenna sem ekki eiga annan kost á námslánum.

Málþingið „Úr glatkistunni“

Þann 29. október stóð Bandalag kvenna í Reykjavík fyrir opnu málþingi um heimildir í sögu kvenna. Málþingið var framlag BKR í viðburðadagskrá í tilefni af 100 ára afmælisárs kosningaréttar kvenna á Íslandi og var sprottið úr þjóðarátaki í söfnun á skjölum kvenna í tilefni afmælisársins. Erindi fundarins snéru að öflun og úrvinnslu heimilda en saga kvenna hefur fengið litla athygli í sögubókum og sýningum, m.a. vegna þess að minna hefur varðveist af skjölum þeirra en karla.

Skjalasöfn kvenna eru oft af öðru meiddi og persónulegri en skjalasöfn karla, heimildir á borð við bréf og dagbækur sem veita innsýn í líf einstaklinga og fjölskyldna. Skjöl kvenna fjalla jafnan m.a. um fjölskylduna, matarsíði, handavinnu, heilsu og fleira, á meðan skjöl karla kunna að innihalda oftar skrif um stjórnsmál, veðurfar og atvinnu. Varðveitt skjöl kvenna eru merkilegar heimildir sem fylla upp í heildarmynd um líf og sögu Íslendinga.

Á málþinginu voru þrjú erindi flutt sem lutu öll að heimildum í kvennasögu. Rithöfundurinn Gunnhildur Hrólfsdóttir sagði frá tilurð nýútkominnar bókar sinnar „Þær þráðinn spunnu – afrek kvenna í aldanna rás“ sem er sýnishorn úr sögu kvenna í Vestmannaeyjum 1835 – 1980. Gunnhildur tók dæmi af konunum sem fluttu víðsvegar um landið eftir gosið í Heimaey, en lítið hefur verið fjallað um.

Erla Hulda Halldórsdóttir, sérfræðingur í kvenna- og kynjasögu við Sagnfræðistofnun HÍ, fjallaði um sögu kvenna og spjöld sögunnar og tók dæmi um stöðu vinnukvenna sem eignuðust börn með húsbændum sínum.

Fréttakonan Alma Ómarsdóttir lokaði málþinginu með erindi um heimildarmynd sína um Stúlkurnar á Kleppjármsreyjum. Við gerð myndarinnar fékk Alma aðgang að gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands, sem eru lokuð almenningi og hafa verið innsiglið í áratugi. Myndin segir frá myrkum kafla í Íslandssögunni, þegar ungar konur voru beittar þvingunum og sviptar frelsi fyrir það eitt að eiga í samskiptum við erlenda setuliðsmenn á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Fundarstjóri var Andrea Björk Andrésdóttir, sagnfræðingur og stofnandi Reconesse Database, gagnagrunns um konur í sögunni.

Málþingið var mjög vel sótt og fjörugar umræður spunnust í kjölfar fyrirlestranna meðal fundargesta, sem sammæltust um að full ástæða væri til að veita málefnum nánari athygli. Í umræðum kom m.a. fram að hlutur kvenna í sögubókum sem kenndar eru í grunnskólum landsins og framhaldsskólum er verulega skertur en konur eru í kringum 1/4 þeirra sem þar er fjallað um. Erla Hulda Halldórsdóttir hefur m.a. fjallað um ástæður þessa og meðal markmiða Reconesse Database er að leiðrétta þennan kynjahalla.

Skjöl karlmannna 67% en skjöl kvenmanna 33% af einkaskjalasöfnum á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. BKR hvetur alla til þess að kíkja í geymslur sínar og senda inn til varðveislu skjöl frá ömmum og langömmum, frænkum og öðrum mætum konum sem þar kunna að leynast því þetta eru mikilvægar heimildir sem gefa fyllri mynd af lífi og störfum íslenskra kvenna. Tekið er við skjölum í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Kvennasögusafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Borgarskjalasafni og héraðsskjalasöfnum og eru starfsmenn safnanna boðnir og búnir að veita ráðsgjöf og aðstoð varðandi frágang og skil á gögnunum.



Fyrirlesarar, fundarstjóri og skipuleggjendur fundarins, frá vinstri talið: Erla Hulda Halldórsdóttir, Andrea Björk Andrésdóttir (fundarstjóri), Gunnhildur Hrólfsdóttir, Alma Ómarsdóttir, Fanney Úlfjótisdóttir (stjórnarkona í BKR) og Hjördís Lára Hreinsdóttir (starfandi formaður BKR)

Fréttir af stjórn BKR

Formanni BKR, Ingibjörgu Rafnar Pétursdóttir, fæddist sonur þann 7. maí sl. og tók þá Hjördís Lára Hreinsdóttir, varaformaður BKR, við sem starfandi formaður fram til loka október mánaðar. Ingibjörg hefur nú tekið aftur við formennsku og þakkar stjórn BKR Hjördísi Láru kærlega fyrir vel unnin störf sem starfandi formaður.

Viðburðir framundan hjá BKR

26. nóvember 2015 - Jólafundur BKR, sjá nánari upplýsingar og dagskrá á [heimasíðu BKR](#).

Janúar – Námskeið fyrir félagskonur, nánar auglýst síðar

Febrúar - Opinn fundur um umhverfi barna í nútímasamfélagi, nánari upplýsingar síðar

Febrúar – Formannaráðsfundur í aðdraganda ársþings

Mars – Ársþing BKR / aðalfundur

Stjórn BKR vill heyra frá ykkur svo endilega ef þið hafið ábendingar um starfsemi BKR, upplýsingamál, áhugaverða viðburði eða hvað sem er þá endilega sendið okkur línu á netfangið bandalagkvennarvk@gmail.com



Bandalag kvenna í Reykjavík